

Alþingi
Erindi nr. P 130/1038
komudagur 23. 2. 2004

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 20. febrúar 2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2004 – 2008, 477. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórnin hefur kynnt sér sjónarmið þeirra sveitarstjórna á svæðinu sem málið varðar, þ.e. Grýtubakkahrepps, Þingeyjarsveitar, Kelduneshrepps og Öxarfjarðarhrepps. Stjórnin leggur áherslu á að náð samráð verði haft við sveitarstjórnir og landeigendur í viðkomandi sveitarfélögum sem málið varðar, s.s. um nánari afmörkun svæða og útfærslu friðlýsingar. Stjórnin vill sérstaklega vekja athygli á mikilvægu jarðhitasvæði sem er innan þess svæðis sem lagt er til að friðlýst verði í Öxarfirði. Þá telur stjórnin mikilvægt að jafnhliða hugsanlegri stækkun þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum verði honum tryggðir auknir fjármunir þannig að starfsemi hans nýtist til atvinnuuppbyggingar á svæðinu.

f.h. stjórnar Eyþings


Pétur Þór Jónasson
framkv. stjóri